

Föstudaginn 26. janúar 1962.

Nr. 8/1961.

Oddviti Patrekshrepps f. h. hreppsins

(Gunnlaugur Þórðarson hdl.)

gegn

Olíuverzlun Íslands h/f

(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaramennir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
son, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor
Theódór B. Lindal.

Útvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. janúar 1961. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 3482.00 ásamt 10% ársvöxtum af kr. 1200.00 frá 1. október 1956, af kr. 1152.00 frá 1. október 1955 og af kr. 1130.00 frá 1. október 1954 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Svo sem lýst er í héraðsdómi, er Hafnarstræti 21 h/f eigandi tækja þeirra, þ. e. rafknúinnar benzindælu og jarðgeymis, sem notuð eru í atvinnurekstri þeim, er í málinu greinir. Fyrir Hæstarétti hefur komið fram, að Hafnarstræti 21 h/f er dótturfélag stefnda, Olíuverzlunar Íslands h/f. Er hlutafé Hafnarstrætis 21 h/f að fjárhæð kr. 40.000.00, og á stefndi kr. 39.500.00 af því, en aðrir nafngreindir aðiljar, fimm að tölu, kr. 100.00 hver. Þá hefur einnig komið fram, að stefndi greiðir Hafnarstræti 21 h/f tiltekna ársleigu fyrir framangreind tæki, en Hafnarstræti 21 h/f annast viðhald og viðgerðir þeirra á sinn kostnað, eins og í héraðsdómi greinir.

Í héraðsdómi er rakið efni sammings þess, dags. 4. júní 1952, er stefndi gerði við Ásmund B. Olsen, kaupmann á Vatn-

eyri, um sölu á benzíni og olíuvörum. Eins og þeim samningi er háttað og þar sem stefndi leggur til og kostar tæki þau, sem nauðsynleg eru til starfrækslunnar, eins og að framán segir, þá verður að telja, að salan fari raunverulega fram á vegum stefnda, enda er hún einn þáttur í viðtækara sölukerfi hans. Var stefndi því útsvarsskyldur í Patrekshreppi samkvæmt a-lið 2. mgr. 8. gr. laga nr. 66/1945 á þeim tíma, sem útsvars er krafizt fyrir í máli þessu. Ber því að taka til greina kröfu áfrýjanda um greiðslu á kr. 3482.00 ásamt 10% ársvöxtum, sem reiknast einungis frá stefnudegi, 11. nóvember 1957, eins og málflutningi áfrýjanda er háttað.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Olíuverzlun Íslands h/f, greiði áfrýjanda, oddvita Patrekshrepps f.h. hreppsins, kr. 3482.00 ásamt 10% ársvöxtum frá 11. nóvember 1957 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Theódórs B. Línalds prófessors.

Viðskipti stefnda og Ásmundar B. Olsens kaupmanns, þau er um ræðir í máli þessu og lýst er í héraðsdómi, verða eigi talin leiða til útsvarsskyldu stefnda í Patrekshreppi samkvæmt a-lið 8. gr. laga nr. 66/1945, sbr. lög nr. 59/1947, enda skiptir eigi máli, eins og atvikum er háttað hér, hvort um var að ræða heildsölu til Ásmundar kaupmanns eða afhendingu vara til hans í umboðssölu.

Þess er getið í hinum áfrýjaða dómi, að Ásmundur kaupmaður hafi endurgjaldslaut haft að láni frá Hafnarstræti 21 h/f í Reykjavík rafknúna benzíndælu og jarðgeymi, er

rúmaði 8000 lítra, og annaðist félagið viðhald þessara tækja. Er málið var flutt hér fyrir dómi, kom fram, að árlega greiddi stefndi Hafnarstræti 21 h/f fyrningu tækjanna, er nam 10% af verði þeirra. Á gjald þetta verður að líta sem leigu fyrir tækin. En þótt stefndi sé talinn hafa haft tækin á leigu og hvernig sem sambandi hans og Hafnarstrætis 21 h/f var annars háttáð, þá veita hvorki A né B liðir 8. gr. laga nr. 66/1945, eigi heldur önnur lagaákvæði, heimild til útsvarsálagningar, er miðast við það, hvar tækin eru hverju sinni.

Í máli þessu er ekkert fram komið, er bendi til þess, að stefndi hafi arðbær lóðarafnot í Patrekshreppi. Og eigi verður séð, að hann eigi eða hafi á leigu land það, sem framanefnd tæki standa á. Verður því heimild til útsvarsálagningarinnar eigi sótt í B lið 8. gr. laga nr. 66/1945.

Að svo vöxnu máli ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Rétt er þó, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður, því að efni voru til áfrýjunar málsins.

Dómsorð mitt verður því á þessa leið: Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjardóms Reykjavíkur 24. október 1960.

Mál þetta, er dómtekið var 28. f. m., hefur Sveitarsjóður Patrekshrepps höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 11. nóvember 1957, gegn Olíuverzlun Íslands h.f. hér í bænum, til greiðslu útsvarsskuldar, að fjárhæð kr. 3.152.00 auk dráttarvaxta, kr. 450.00, og 6% ársvaxta frá útgáfudegi stefnu svo og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Undir rekstri málsins var kröfugerð stefnanda breytt með samþykki af hálfu stefnda, og er þess nú krafizt, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 3.482.00 auk 10% dráttarvaxta af kr. 1.200.00 frá 1. október 1956, af kr. 1152.00 frá 1. október 1955 og af kr. 1130.00 frá 1. október 1954 svo og málskostnað að skaðlausu.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að hinn 13. júní 1952 hafi stefndi fengið heimild byggingarnefndar Patrekshrepps til að setja niður benzíngeymi á Vatneyri í Patreksfjarðarkaup-

túni samkvæmt beiðni frá verzlun Ásmundar B. Olsen, Vatneyri, fyrir hönd stefnda. Heimild þessi hafi náð til benzíngeymis, er rúmaði allt að 8000 lítra, ásamt tilheyrandi dælu, og hafi staðurinn verið ákveðinn við Aðalstræti út af verzlunarhúsi Magnúsar B. Olsens, eins og óskað hafði verið eftir. Stefnandi kveður stefnda síðan hafa selt benzín frá geymi þessum og hafa gefið út nótur fyrir þeim viðskiptum með árituninni: „Benzíngeymir B.P.“ Þá kveður stefnandi smurólíur einnig hafa verið seldar frá benzíngeyminum í nafni „B.P“. Stefnandi kveður útsvar síðan hafa verið lagt á starfsemi stefnda árin 1954, 1955 og 1956, 1% af söluverðmæti því, sem afgreitt var frá geyminum, en stefndi hafi reynzt ófáanlegur til að greiða.

Sýknukrafa stefnda er reist á því, að hann eigi engar eignir í Patrekshreppi og hafi þar ekki heimilisfasta atvinnustöð, enda sé félagið skrásett í Reykavík og hafi þar starfsemi sína. Viðskipti þau, sem greind útsvarsálagning sé byggð á, séu því heildsöluviðskipti, sem ekki hafi í för með sér útsvarsskyldu í Patrekshreppi.

Með samningi stefnda og Ásmundar B. Olsens kaupmanns á Vatneyri, Patrekfirði, dags. 4. júní 1952, en samningur þessi hefur verið lagður fram í málinu, skuldbatt stefndi sig til að selja Ásmundi benzín, smurningsolíur og aðrar olíur samkvæmt skilmálum þeim, sem tilgreindir eru í samningnum. Á hinn bóginn skuldbatt Ásmundur B. Olsen sig til að kaupa allt benzín, smurningsolíur og aðrar olíur til eigin nota eða, sem hann annaðist kaup á fyrir aðra eða til almennrar sölu, hjá stefnda. Jafnframt skuldbatt Ásmundur sig til að kaupa ekki olíur frá öðrum olíusölum, meðan stefndi selur honum þessar vörur sannanlega ekki á herra verði en aðrir olíusalar. Stefnandi skal annast flutning á benzíni á smásölugeymi kaupanda og sjá um að fylla á geyminn, þegar kaupandi óskar eftir og eftir því sem við verður komið. Stefnandi selur Ásmundi benzín og smurningsolíur í mánaðarreikning, og ber Ásmundi að greiða andvirði vara þeirra, sem hann selur á hverjum mánuði, fyrir 10. dag næsta mánaðar eftir sölu vörunnar. Er Ásmundur í samningnum sagður eigandi vörunnar eftir móttöku hennar og sagður bera alla áhættu af rýrnun hennar. Sú skylda er lögð á Ásmund, að hafa greinilegt bókhald yfir útlán á tunnum og yfir tunnubirgðir stefnda. Í samningnum er verðið á benzíni ákveðið 12 aorum lægra en útsöluverð á sölustað, sem ákveðið er af Verðlagsskrifstofunni í Reykjavík, og skal verðmismunur þessi breytast samkvæmt

ákvörðun Verðlagsskrifstofunnar á hverjum tíma. Um smurningsoliur er svohljóðandi ákvæði í 7. gr. samningsins: „Meðan núverandi reglur gilda um framhaldandi flutninga erlendis frá, selur Olíuverzlunin kaupanda smurningsoliur frá firmunum C. C. Wakefield & Co., Ltd., London, og Socony-Vacuum Oil Company, Inc., New York, c.i.f. á ákvörðunarhöfn með 10% — tíu af hundraði — afslætti frá reikningsverði vörunnar í Reykjavík.“ Samningurinn gildir frá og með 1. janúar 1952 og er uppsegjanlegur af hálfu hvors aðilja með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Samkvæmt yfirlýsingu, dags. 20. júní 1952, hefur Ásmundur B. Olsen fengið rafknúna benzíndælu ásamt jarðgeymi að láni frá Hafnarstræti 21 h.f. í Reykjavík. Samkvæmt yfirlýsingunni hefur Hafnarstræti 21 h.f. sett dæluna niður Ásmundi að kostnaðarlausu og annazt viðhald og viðgerðir á dælunni, en skila skal Ásmundur tækjunum eigi síðar en einum mánuði eftir að krafa kemur fram um það frá eiganda þeirra.

Af hálfu stefnda hefur því eindregið verið mótmælt, að Ásmundur B. Olsen hafi komið fram fyrir hans hönd, er hann fékk leyfi byggingarnefndar Patrekshrepps til að setja niður benzíngeymi ásamt dælu, eins og rakið hefur verið.

Að því athuguðu, sem rakið hefur verið, verður að fallast á það með stefnda, að hann hafi ekki átt neinar eignir og ekki haft neinn atvinnurekstur í Patrekshreppi á árunum 1953, 1954 og 1955 og sé því ekki útsvarsskyldur þar. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Olíuverzlun Íslands h.f., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, sveitarsjóðs Patrekshrepps, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
